

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 271 10. október 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf E, til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 48 frá 16. maí 1974 sbr. lög nr. 86/1974 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

13. janúar 1977.

Nr. 23.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 319 8. nóvember 1974, um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf F, vegna vegaframkvæmda við hringveg um landið.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 2. gr. l. nr. 7 frá 13. mars 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

13. janúar 1977.

Nr. 24.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 453 24. október 1975, um happdrættislán ríkissjóðs, Skuldabréf G, vegna uppbyggingar þjóðvegakerfisins.

1. gr.

5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal út-